Pétur Pétursson

Spjall um kirkjur, söfn og helgigripi í Moskvu sem verða á vegi MA1970 í maí 2017

Rannsóknarverkefni

- Ummyndanir í rússneskum dómsdagsíkonum á 15. og 16. öld endurspegla:
  - Guðfræðilegar áherslur.
  - Lykilatburði í kirkjusögu og ríkjamyndun í Rússlandi.
  - Tímamót:
    - 1453 fellur Konstantínópel, nefnd önnur Róm, í hendur múslíma. Moskva verður þá þriðja Róm í augum Rússa.



- Vladimir prins í Kíev tekur skírn árið 988.
- 19. aldar veggmynd eftir Victor Vasnetsov í Dómkirkju heilags Vladimirs í Kíev.
- Metropolitan embætti var stofnað í Kíev árið 1037 sem heyrði undir patríarkann í Konstantínópel.

- *Mærin frá Vladimir*.
  - Frá fyrri hluta 12. aldar.
  - Gerð í Konstantínópel.
  - 100x70 cm.
  - Tretykovsafnið í Moskvu.
  - Samkvæmt helgisögninni flaug þessi íkon beint frá Konstantínópel til Vladimir. Síðan lenti hann í Kænugarði en mikil trú var á kraftaverkum í tengslum við hann. Hann var iðulega borinn í helgigöngum fyrir herjum í upphafi bardaga og talið að hann ætti þátt í sigrum. Eftir að Moskvuvaldið efldist var hann fluttur til Moskvu og endaði að lokum í Tretykovsafninu þar. Á bak við helgisögnina er sú staðreynd að íkonalistin barst frá Konstantínópel til Rússlands og segja má að hún hafi öðlast fullkomnun þar, t.d. í verkum Andreis Rublevs og Novogorodstílnum. Louvre safnið í París á sínu Monu Lísu en Tretykovsafnið varðveitir Mærina frá Vladimir sem segja má að sé táknmynd austursins á meðan Móna Lísa er tákn hámenningar myndlistar á Ítalíu.



- *Þrenningin úr Gamla testamentinu* eftir **Andrei Rublev** (um 1360-1430).
  - Frá því snemma á 15. öld.
  - 142x114 cm.
  - Tretyakov safnið í Moskvu.

- *Frelsarinn* eftir **Andrei Rublev** (um 1360-1430).
  - Frá því snemma á 15. öld.
  - 158x106 cm.
  - Tretyakov safnið í Moskvu.

- Sovéska kvikmyndin Andrei Rublev (Andrei Tarkovsky: 1966) styðst við ævisögu hans og dregur saman meginstef þjóðarsögu Rússlands. Myndin var bönnuð í Sovétríkjunum en vann til verðlauna í Cannes árið 1969. Anatoliy Solonitsyn leikur íkonamálarann Andrei Rublev.



- **Andrei Rúblev** meistari rússneskrar íkonalistar ræðir við kennara sinn **Þeófanías** hinn gríska. Úr *Andrei Rublev* (Andrei Tarkovsky: 1966).

- Örvænting íkonamálarans. **Andrei Rublev** neitar að mála dómsdagsmynd og slettir málningu á auðan vegg. Úr *Andrei Rublev* (Andrei Tarkovsky: 1966).

- *Hinsti dómsdagur*.
  - Klassískur dómsdagsíkon.
  - Torcello í Feneyjum.



- Dómsdagsmyndin á Hólum. Endurgerving Harðar Ágússonar, lituð af Yuri Bobrov.
- Hörður Ágústsson og Selma Jónsdóttir sýndu fram á að svokallaðar Bjarnastaðarhlíðarfjalir (Flatartungufjalir) sem bárust Þjóðminjasafninu árið 1924 séu hluti af gríðarstórri byzanskri dómsdagsmynd. Í doktorsritgerð sinni *Byzönsk dómsdagsmynd í Flatartungu* taldi Selma myndina vera frá seinni hluta 11. aldar. Hún hélt því fram að myndin hefði prýtt skálavegg einn mikinn sem var í Flatartungu í Skagafirði og sagt er frá í *Þórðar sögu hreðu*. Fræðimenn telja að myndin hafi verið í fyrstu dómkirkjunni á Hólum.

- *Hinsti dómsdagur*.
  - Dómsdagsíkon frá miðri 15. öld.
  - 162x115 cm.
  - Tretyakov safnið í Moskvu.

Af hverju kemur snákurinn inn í dómsdagsmyndirnar í Rússlandi á 15.öld?

- Hvað skiptir máli?
- Samkvæmt Rétttrúnaðarkirkjunni voru árið 1492 liðin þau 7000 ár sem Guð hafði gefið sköpun sinni.
- Eftir það var ekki öruggt hvernig reikna ætti út dagsetningar kirkjuhátíða – tímatal og helgihald var í uppnámi.
- Menn fóru að ræða um heimsendi og lokadóm og reikningsskil.
- Opinberunarbók Jóhannesar var viðurkennd sem hluti af rússnesku Biblíunni.
- Ágreiningur innan og milli klaustranna um það hvort þau mættu eiga landareignir.

- *Heimsslit.*
  - Frá um 15. öld.
  - 185x152 cm.
  - Dómkirkja hins heilaga svefns í Kreml í Moskvu.
  - Myndefnið er allt úr Opinberunarbók Jóhannesar.



DÓMKIRKJA Frelsarans Krists í miðborg Moskvu. Kommúnistar létu jafna upprunalegu kirkjuna, sem var frá 1883, við jörðu og vildu þannig sýna í verki að ríkið væri guðlaust. Síðan átti að reisa á staðnum menningarsetur sem kenna átti við Lenín en það fórst fyrir. Var loks byggð þarna stór sundlaug. Fyrir nokkrum árum var hafist handa við að endurreisa dómkirkjuna í sinni gömlu mynd og hefur hún nú verið tekin í notkun.



- Inni í Dómkirkju hins heilaga svefns Móður Guðs í Kreml.

- Skrín sem táknar Jerúsalem.
  - Eftirmynd grafarkirkjunnar í Jerúsalem.
  - Gefið Kirkju hins heilaga svefns í Kreml af Ívani III, hinum mikla.
  - Tákn um að valdhafar ríkis og kirkju í Rússlandi fóru að líta á Kreml sem hina Nýju Jerúsalem. Stórfurstinn af Moskvu leit á sig sem keisara og verndara heimskristni og patríarkinn í Moskvu var skilgreindur sem ígildi páfa.

- Íkon *Herskárra kirkjumanna* (Church Militants) frá um 1560. Táknmynd sigurs kristinna Rússa undir forystu Ívans IV hins grimma yfir hinni heiðnu Kazan árið 1552.
  - Ívan grimmi er krýndur kórónu lífsins af Jesúbarninu sem situr í kjöltu Maríu móður sinnar í Jerúsalem. Mikael erkiengill fer fyrir sigurgöngunni en aftar má sjá Konstantínus mikla Rómarkeisara og Boris og Gleb, dýrlinga rússnesku kirkjunnar. Ívan IV stórfursti af Moskvu var krýndur keisari allra Rússa árið 1547.
  - Myndin hét upphaflega *Blessaðar hersveitir hins himneska konungs* (Blessed Army of the Heavenly King) og var sett upp í klausturkirkjunni í Sviyazhsk. Hún byggir á samþykkt kirkjuþings undir stjórn **Ívans grimma** árið 1551.
  - 144x396 cm.
  - Tretyakov safnið í Moskvu.

- Skjaldarmerki **Ívans III** sem hann fékk með þeirri býzönsku prinsessu sem hann kvæntist.

- Vitfirring hins algjöra valds. **Ívan grimmi** (1547-1584) drepur son sinn 16. nóvember 1581.
- Málverk eftir **Ilya Repin** frá 1885.

- Krýning Ívans grimma í hluta *Herskárra kirkjumanna*.
- Frá um 1560.
- Tretykov safnið í Róm.

- Ívan grimmi og Mikael erkiengill í hluta *Herskárra kirkjumanna*.
- Frá um 1560.
- Tretykov safnið í Róm.

- **Fyodor Ushakov** aðmíráll (1745-1817) varð einn af dýrlingum rússnesku rétttrúnaðar-kirkjunnar árið 2000. Hann byggði upp flotastöð Rússa í Sevastopol og vann orrustur á Krím.

- Ikon af Rómanov-fjölskyldunni.

Pro Christianis - Wow!

https://www.facebook.com/photo.php?fbid=1115418371833181&set=a.115994608442234.6978.100000950855800&type=3&theater

Michael Wood
8 klst. ·

The Abbots of Mount Athos insisted that President Vladimir Putin stand in the place of the Emperor of Constantinople, and they are right. Putin is personally a devout Orthodox Believer and dedicated to the security (not physical expansion) of his country. He is head of the most powerful Orthodox country. They sent out a powerful message. The Fathers of Athos know the man they are looking at - the Defender of Orthodoxy.

Deila

85

109 deilingar 16 comments

Michael Wood Protato, Karyes Mount Athos.
· 4 · 8 klst.

Anthony Mahon The only world leader I respect.
· 6 · 8 klst.

Nikolaus Wiese A "world leader, who is responsible for the murder of Thousands of orthodox Christians in Georgia, Ukraine and Syria.
· 6 klst.

Dorothy Robey He's also the leader that

- Af *Facebook* 29.maí 2016.

- Karl Sigurbjörnsson biskup og Bjarni Randver Sigurvinsson í Forsetahótelinu í Moskvu skömmu fyrir fund með Pútín forseta Rússlands á Fundi helstu trúarleiðtoga heims 3.-5. júlí 2006.



- Egypsk mynd.
- Snákurinn markar leiðina frá myrkri til ljóss.
- Konungurinn og föruneyti hans verða að sigla í gegnum snákinn til að dagur verði og sól rísi.
- Bjallan lengst til hægri á myndinni táknar sólaruppkomuna.
- Múmían aðeins neðar á myndinni er guðinn Ósiris sem bíður upprisu sinnar.

- Egypsk mynd.
- Snákurinn tengir heimana tvo, myndar brú milli þeirra.

- Bagall á biskupsstaf Páls Jónssonar Skálholtsbiskups.

- Myþrasguðinn í umvafinn snáki.

- Stafur Asclepusar hins gríska guðs lækninga, merki læknafélagsins.

Aðalfundur Læknafélags Íslands
2012

- Merki Læknafélags Íslands.

Niðurstöður

- Myndmál Opinberunarbókarinnar var notað til að útskýra heimssöguna, lífsgönguna og inntak kristinnar trúar gagnvart almenningi og uppörva hann.
- Kirkjan og klaustrin græddu á því að fólk sóttist eftir bænum og staðfestingu á því að það ætti vísan stað í himnaríki og kæmist í gegnum hindranir um snákinn sem var ógnvekjandi, máttugt og vel þekkt frumtákn um heilun og frelsun.
- Ýmsir gagnrýnendur telja að myndmálið hafi fyrst og fremst verið notað til að hræða fólk til hlýðni við kirkjuna og kenningar hennar á tímum umróta og upplausnar. Þar hafi þó verið að verki menn sem sjálfir hræddust það.